



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 27. október 2005

FRÉTTATILKYNNING

Umferðarstofa hefur misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart Skýrr og þannig brotið gegn samkeppnislögum

Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni nr. 10/2005 að Umferðarstofa hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá og þannig brotið gegn samkeppnislögum með eftirfarandi hætti:

- *Með því að hafna Skýrr um aðgang að ökutækjaskrá til að miðla upplýsingum úr skránni með tilteknum hætti.*
- *Með samkeppnishamlandi tilboði til lögmanna.*
- *Með ólögumætri þvingun í viðræðum við Skýrr um endursölu á upplýsingum.*

Í ákvörðuninni mælir Samkeppniseftirlitið fyrir um að Umferðarstofa veiti fyrirtækjum sem þess óska þann aðgang að ökutækjaskrá sem gerir þeim kleift að veita viðskiptavinum sínum sömu þjónustu og Umferðarstofa gerir, að því tilskyldu að tækni- og öryggiskröfum sé fullnægt. Þá er mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar Umferðarstofu annars vegar og lögbundinnar starfsemi stofnunarinnar hins vegar.

Markaðsráðandi staða Umferðarstofu

Samkvæmt umferðarlögum og reglugerð um starfshætti Umferðarstofu er stofnuninni m.a. falið það hlutverk að annast uppfærslu og rekstur ökutækjaskrár. Jafnframt er henni falið að setja starfsreglur um upplýsingamiðlun úr skránni. Fyrirtæki sem vilja keppa á markaðnum fyrir upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá eru þar af leiðandi efnahagslega háð Umferðarstofu þar sem þau þurfa að semja um aðgang að skránni við stofnunina. Í ljósi þessa m.a. telur Samkeppniseftirlitið að Umferðarstofa sé í yfirburðastöðu á markaðnum fyrir aðgang þjónustuveitenda að upplýsingum úr ökutækjaskrá til endursölu. Með hliðsjón af þeirri yfirburðastöðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að Umferðarstofa sé jafnframt í ráðandi stöðu á markaðnum fyrir upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá.

Ólögumæt höfnun Umferðarstofu um aðgang Skýrr að upplýsingum

Í júní 2003 hóf Umferðarstofa að bjóða upp á nýja þjónustu í tengslum við upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá um Internetið. Fólst þjónustan í því að þeir sem til þess höfðu rétt gátu, gegn greiðslu til Umferðarstofu, sótt upplýsingar úr ökutækjaskránni eftir kennitölum eigenda ökutækja. Áður en Umferðarstofa tók upp þessa þjónustu veitti stofnunin, ásamt Skýrr og einu öðru fyrirtæki, eingöngu



almennar upplýsingar úr skránni sem ekki var unnt að rekja til kennitölu eigenda ökutækjanna.

Þar sem Umferðarstofa hafnaði Skýrr um að miðla upplýsingum úr ökutækjaskrá eftir kennitölu eigenda ökutækja taldi Skýrr það veikja verulega samkeppnisstöðu fyrirtækisins og vera brot á samkeppnislögum. Var Samkeppniseftirlitinu því sent erindi af þessu tilefni með kröfu um íhlutun vegna synjunar Umferðarstofu.

Eins og áður segir hefur Umferðarstofa það lögbundna hlutverk að annast skráningu í ökutækjaskrá og sjá um vörslu skrárinnar. Umferðarstofa hefur hins vegar ekki lögbundið einkaleyfi til að sjá um upplýsingamiðlun úr ökutækjaskránni. Með því að synja Skýrr um aðgang að upplýsingum til endursölu úr skránni sem tengdar eru kennitölu hefur Umferðarstofa þó í reynd tekið sér einkaleyfi til sölu á sk. kennitöluuppflettingum. Þetta er að mati Samkeppniseftirlitsins alvarleg samkeppnishindrun enda eru hugsanlegir keppinautar Umferðarstofu í sölu á kennitöluuppflettingum úr ökutækjaskrá háðir Umferðarstofu um aðgang að upplýsingunum sem hún ein býr yfir. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur fram að Umferðarstofa búi í þessu samhengi yfir s.k. ómissandi aðstöðu í skilningi samkeppnislaga. Í því felst, að eigi markaðsráðandi fyrirtæki eða búi yfir einhvers konar aðstöðu sem keppinautur getur ekki verið án, getur Samkeppniseftirlitið mælt fyrir um að hinu markaðsráðandi fyrirtæki beri að veita keppinautum aðgang að aðstöðunni.

Samkeppnishamlandi tilboð til lögmanna

Í gögnum málsins kemur fram að Umferðarstofa hafi sett það sem skilyrði í tilboði stofnunarinnar til lögmanna að þeir lögmenn sem óskuðu eftir kennitöluuppflettingum í ökutækjaskrá yrðu einnig að kaupa almennan aðgang að ökutækjaskrá í gegnum Umferðarstofu. Samkeppniseftirlitið telur að þessi samtvinnum hafi í eðli sínu stuðlað að því að lögmenn beindu viðskiptum sínum til Umferðarstofu en ekki annarra keppinauta á markaðnum. Tilboð Umferðarstofu var því til þess fallið að gera lögmönnum ókleift að eiga viðskipti við aðra aðila og var Umferðarstofa því í raun að gera tilraun til þess að leggja undir sig þennan hluta markaðarins. Tilboð Umferðarstofu til lögmanna fól þannig í sér misnotkun stofnunarinnar á markaðsráðandi stöðu og braut gegn samkeppnislögum.

Ólögmet þvingun Umferðarstofu

Í desembermánuði 2003 sendi Umferðarstofa tölvupóst til Skýrr og bauð fyrirtækinu til viðræðna um endursölu Skýrr á kennitöluuppflettingum til þeirra aðila (t.d. lögmanna) sem hefðu til þess lagaheimildir að fá slíkar upplýsingar í hendur. Umferðarstofa setti það þó sem skilyrði fyrir samningi við Skýrr að fyrirtækið afsalaði sér lénunum vefekja.is og ekja.is til Umferðarstofu. Umrædd lén eru í eigu Skýrr. Með því að reyna að knýja fram slíkar viðbótarskuldbindingar sem tengdust með engum hætti samningi varðandi miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá misnotaði Umferðarstofa markaðsráðandi stöðu sína.

Fjárhagslegur aðskilnaður

Til þess að tryggja virka samkeppni á markaði fyrir upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá og til að taka af allan vafa um að samkeppnisrekstur Umferðarstofu sé niðurgreiddur er það mat Samkeppniseftirlitsins að sú þjónusta Umferðarstofu sem telst til samkeppnisrekstrar skuli fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar, frá 1. janúar 2006 að telja.



Ábending til stjórnvalda

Að lokum tekur Samkeppniseftirlitið það fram að málið kunnir að vera tekið til frekari skoðunar á grundvelli ákvæðis í samkeppnislögum þar sem tekið er fram að telji Samkeppniseftirlitið að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skuli vekja athygli ráðherra á því álitum. Í þessu sambandi bendir Samkeppniseftirlitið á að afar óheppilegt sé þegar opinberir aðilar sem fara með stjórnslu- og/eða eftirlitsvald á tilteknum samkeppnismarkaði, eru samhliða í samkeppnisrekstri. Æskilegast sé að opinberir aðilar dragi sig úr umdeildum samkeppnisrekstri og skapi með því umhverfi þar sem keppnautar geta keppt á jafnréttisgrundvelli og þar með eflt virka samkeppni í viðskiptum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í þessu máli má finna á vefslóðinni www.samkeppni.is.